

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Þorvaldur H. Þórðarson	<i>Dagsetning:</i>	26.04.23
<i>Fundarritari:</i>	Esther Hermannsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13:00-14:30

*Pátttakendur:* Þorvaldur H. Þórðarson (f.h. Sigurborgar Daðadóttur, yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) og Hilmar Vilberg Guðjónsson (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir (Sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma)

## Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum
  - a. Framhaldsrannsókn tilraunabólusetninga gegn lungnasjúkdómum í íslensku sauðfé,- 3. kynslóð bóluefnis - Movi-3
3. Afföll í fiskeldi – Karl Steinar Óskarsson deildarstjóri fiskeldisdeildar mætir á fundinn
4. Vinnureglur fagráðs – umfjöllun haldið áfram frá síðasta fundi
5. Útigangur sauðfjár yfir veturinn
6. Ábyrgð sveitarfélaga gagnvart dýrahaldi á hættusvæðum
7. Önnur mál.

## Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Umsókn um leyfi til tilrauna á dýrum
  - a. Framhaldsrannsókn tilraunabólusetninga gegn lungnasjúkdómum í íslensku sauðfé,- 3. kynslóð bóluefnis - Movi-3

Fagráð telur málið enn ekki tækt til afgreiðslu og óskar eftir frekari upplýsingum. Afgreiðslu frestað.

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir vék af fundi að lokinni afgreiðslu á þessum dagskrárlíð.

3. Afföll í fiskeldi

Karl Steinar Óskarsson deildarstjóri fiskeldisdeildar og Berglind Bergsdóttir sérgreinadýralæknir fíksjúkdóma kynntu samantekt um framleiðslu í fiskeldi hér á landi og hvað hún hefur stórukist á fáeinum árum. Inná mælaborði MAST er hægt að skoða tölur um afföll, sláturtölur o.fl. Ástæður affalla í laxeldi hérlandis, 44% af heildarafföllum verða á fyrstu 3 mánuðum eftir útsetningu. Fiskeldisdeild Matvælastofnunar hefur eftirlit með framleiðsluskýrslum fiskeldisfyrirtækja. Fiskeldisdeild vill fá vikulegar skýrslur (ekki mánaðarlega eins og nú), fá ástæður affalla, ákveða tíðni sjálfstætt starfandi dýralækna, neðansjávardróna og nýja reglugerð um fíksjúkdóma. Það er mikill vilji til að ná afföllum niður, talið að hægt sé að ná afföllum undir 11% Umræða fór fram. Fagráð mun halda áfram umræðum á næstu fundum.

4. Vinnureglur fagráðs – lið frestað til næsta fundar.
5. Útigangur sauðfjár yfir veturinn

Fulltrúi siðfræðistofnunar vísar til umræðu á samfélagsmiðlum þar sem sýnt er frá því þegar verið er að sækja fé í febrúar og síðar sem hefur verið á útigangi og telur þetta alvarlegt velferðarmál sem koma þurfi böndum á. Fulltrúi dýralæknafélagsins fagnar umræðunni. Ekki sé vitað nákvæmlega hvað verði mikið eftir af fé á fjöllum á haustin. Fulltrúi DÍS segir að þetta sé velferðarmál ekki síður en mál sveitarfélaga. Fagráð mun halda áfram umræðum á næstu fundum.

6. Ábyrgð sveitarfélaga gagnvart dýrahaldi á hættusvæðum.

Fulltrúi DÍS bendir á að gripahús séu á stöðum þar sem eru rýmingaráætlanir vegna snjóflóða og vísar í nýlegt dæmi þar sem ekki var hægt að gefa 14 hestum í 2 sólarhringa þar sem ekki mátti fara inná svæðið vegna snjóflóðahættu. Sveitarfélög fara með skipulagsvald, þarf að beina til þeirra að nauðsynlegt er að tryggja að ekki séu gripahús á viðurkenndum hættusvæðum, t.d. vegna ofanflóða. Fagráð óskar eftir samráði við Almannavarnir, sveitarfélög og eftirlitsaðila á þeim svæðum þar sem dýrahald er á viðurkenndum hættusvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:32